

Kennsluáætlun 2019-2020

Myndmennt í 2. bekk

Í myndmennt eru fjórar kennslustundir á viku fjórðung úr vetri í 2. bekk. Kennari er Heiðrún Ósk Ölversd. Michelsen.

Vinnulag

Námsefnið er kynnt nemendum með stuttum fyrirlestrum þar sem hugmyndir þeirra um efnið er rætt, ásamt því er efninu stundum fylgt úr hlaði með sýnikennslu. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni á eigin hraða eftir getu. Lögð er áhersla á að nemendur þroski sköpunarmátt sinn, fái jákvæða upplifun og öðlist virðingu fyrir mynd- og handverki.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: grunnlitirnir, sköpun, vaxlitir og blek, stimplun, landslag, stafakarl, málun. Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: grunnlitirnir, abstrakt, pappírsbrot, pappírsvefnaður, speglun.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Tjáning	Efni frá kennara. Hugmyndir af veraldarvefnum.	Nemandi getur ... - tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. - talið upp frumlitina. - sagt frá vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverk.	Símat. Leiðsagnarmat.
Samskipti		Nemandi getur ... unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.	Símat. Leiðsagnarmat.
Vinnubrögð		Nemandi getur ...	Símat.

		• sýnt vönduð vinnubrögð og góða umgengni. • unnið sjálfstætt út frá kveikju við eigin sköpun.	Leiðsagnarmat.
Framkoma		Nemandi getur ... • komið fram við aðra af virðingu og kurteisi.	Símat. Leiðsagnarmat.
Sköpun		Nemandi getur... • skapað myndverk með margvíslegum aðferðum. • unnið út frá kveikju við eigin sköpun.	Símat. Leiðsagnarmat.
Skilningur		Nemandi getur... • skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.	Símat. Leiðsagnarmat.

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Heiðrún Ósk Ölversd. Michelsen